



**91. fundur Fjölskylduráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 9. janúar 2024  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir og Júlía Sæmundsdóttir, fræðslustjóri og félagsmálastjóri

Jón Jónsson lögmaður sat fundinn undir 11. lið. Áheyrnarfulltrúar leikskóla Heiðís Ragnarsdóttir, Sigríður Alda Ómarsdóttir og Erna Rut Rúnarsdóttir sátu 1. - 6. lið. Áheyrnarfulltrúi grunnskóla Kristín Guðlaug Magnúsdóttir, Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir og Arna Magnúsdóttir sátu 5.- 7. lið. Einnig sátu eftirfarandi skólastjórnendur liði sinna skóla. Sigríður Herdís Pálsdóttir skólastjóri Tjarnarskógar og Guðrún Sigríður Sigurðardóttir skólastjóri Bjarkartúns sátu 1. lið. Anna Birna Einarsdóttir skólastjóri Fellaskóla sat 6. lið og Þorbjörg Sandholt sat 7. lið. Marta Wium Hermannsdóttir leikskólafulltrúi, Stefanía Malen Stefánsdóttir grunnskólafulltrúi sátu 1. - 9. lið og Dagný Erla Ómarsdóttir sat 8. lið.

**Dagskrá:**

**1. 202306012 - Ytra mat leikskóla 2023**

Menntamálastofnun hefur samþykkt umbótaáætlanir vegna ytra mats fyrir leikskólana Bjarkatún og Tjarnarskóg.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202312331 - Erindi frá foreldrum fyrstu bekkinga á Egilsstöðum**

Í upphafi fundar gerðu Eyþór Stefánsson, Jóhann Hjalti Þorsteinsson og Björg Eyþórsdóttir grein fyrir mögulegu vanhæfi sínu. Atkvæðagreiðsla fór fram um vanhæfi þeirra:

Jóhanns Hjálta Þorsteinssonar, samþykkt samhljóða.

Eyþór Stefánsson, fjórir samþykktu (SG, ES, GBH, BE), þrír sátu hjá (ÁMS, GLG, JHP)

Björg Eyþórsdóttir, fellt með þrír atkvæðum (SG, ES, GBH, BE) og þrír sátu hjá (ÁMS, GLG, JHP).

Fyrir liggur erindi frá Vigdísi Diljá Óskarsdóttur fyrir hönd foreldra tilvonandi fyrsta bekkjar á Egilsstöðum, dagsett 21.12. 2023. Í bréfinu er fjölskylduráð beðið um að endurskoða tilhögun sumarfrís leikskólans Tjarnarskógar sumarið



2024 og óskað eftir rökstuðningi fyrir breytingum á lokun leikskólans. Að lokum skora foreldrar á Múlaþing að tryggja vistunarúrræði fyrir verðandi fyrsta bekk að fimm vikna sumarfrí loknu.

Í reglum leikskóla í Múlaþingi segir að leikskólar séu lokaðir í 5 vikur eða 25 virka daga, vegna sumarleyfa og skiptist sumarlokunin í tvö tímabil milli ára; fyrra tímabil, júní-júlí, og seinna tímabil júlí-ágúst en í sumar er fyrra tímabilið. Á vormánuðum verður starfandi starfshópur sem vinnur að framtíðarfyrikomulagi sumarleyfa og inn í þeim hópi verður m.a. fulltrúi foreldra. Jafnframt mun foreldrum gefast tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í könnun sem lögð verður fyrir foreldra leikskólabarna. Varðandi skipulag sumarfrístundar þá verður reynt að tryggja verðandi fyrstu bekkningum pláss. Fræðslustjóra er falið að svara foreldrum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202307040 - Fjöldi leikskólabarna skólaárið 2023-2024 og biðlisti yngstu barnanna eftir leikskólapláss í júlí 2023**

Fyrir liggur minnisblað um áætlaða þörf fyrir leikskólapláss á Egilsstöðum og Fellabæ miðað við mannfjöldaspá til 2033. Einnig er yfirlit yfir fjölda leikskólaplássna og hvernig skólaárið 2024-2025 lítur út hvað varðar pláss fyrir yngstu börnin.

Lagt fram til kynningar

**4. 202302197 - Betri vinnutími í leikskólum Múlapings**

Fyrir liggur minnisblað um starfsemi leikskóla á milli hátíða 2023, lagt fram til kynningar. Jafnframt liggur fyrir fundinum erindisbréf fyrir starfshóps um betri vinnutíma starfsfólks leikskóla og fyrirkomulag sumarleyfa í leikskólum. Starfshópurinn skal skila af sér tillögum og aðgerðaráætlun fyrir 1. apríl 2024. Fulltrúi meirihlutans í starfshópnum verður Björg Eypórsdóttir, fyrir minnihlutann verður Jóhann Hjalti Þorsteinsson og fyrir hönd foreldra verður Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**5. 202401006 - Reglur um sveigjanleg skil á milli leik- og grunnskóla**

Fjölskylduráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum um sveigjanleg skil milli leik- og grunnskóla.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**6. 202311344 - Viðbrögð við fyrirhugaðri fjölgun leikskólabarna á Héraði**

Fulltrúar Austurlistans og VG lögðu fram eftirfarandi breytingartillögu.

Fjölskylduráð frestar málinu þar til allar forsendur eru komnar fram og heildstæð lausn lögð fram í samræmi við fyrirsjáanlegar þarfir í leikskólamálu og Fellaskóla. Fellaskóli fær Hádegishöfða til afnota á næsta skólaári enda gefa mannfjöldaspár ekki tilefni til fyrirsjáanlegra vandkvæða í leikskólamálu á þeim tíma. Með þessu móti gefst tími til að vinna að heildstæðri lausn í þessum



málum.

Breytingartillagan var felld með fjórum atkvæðum (SG, BE, GLG og GBH) gegn þremur (ES, ÁMS og JHP).

Samkvæmt áætlun um nýframkvæmdir í Múlaþingi á að taka nýjan leikskóla í notkun á Egilsstöðum árin 2029-2030. Stefna Múlaþings er að veita öllum börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri og hefur það markmið tekist hingað til. Fjölskylduráð vill hafa fyrirsjáanleika á því hvernig brugðist verði við, þar til nýr leikskóli verður tekinn í notkun, þannig að áfram verði hægt að veita öllum börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri.

Fjölskylduráð samþykkir að opna gamla Hádegishöfða sem leikskóla, að hluta eða að öllu leyti um leið og þess gerist þörf. Ráðið samþykkir jafnframt að Fellaskóli fái að nýta húsnæðið við gamla Hádegishöfða þar til opna þarf leikskóla þar að nýju. Fræðslustjóra er falið, í samráði við umhverfis- og framkvæmdasvið, að fara í greiningarvinnu á húsnæðisþörf Fellaskóla, þannig að hægt sé að gera fullnægjandi ráðstafanir í húsnæðismálum skólans ef hann missir aðstöðu að hluta eða öllu leyti í gamla Hádegishöfða.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum (SG, BE, GLG og GBH) gegn þremur (ES, ÁMS og JHP).

Fulltrúar Austurlistans, VG og Miðflokksins lögðu fram eftirfarandi bókun:

Það er niðurlægjandi að tíma nefndarmanna og starfsfólks sé varið í að vinna gögn þegar innihald þeirra skipta engu máli í niðurstöðu mála.

Mannfjöldaspár gefa lítið ef nokkurt tilefni til að taka ákvörðun í slíkum flýti. Sú niðurstaða sem meirihlutinn keyrir hér í gegn í trássi við fagsvið og skólastjórnendur býr til fleiri vandamál en henni er ætlað að leysa. Minnihlutinn fer fram á að meirihluti kynni tillögu að breyttri forgangsröðun er snúa að uppbyggingu grunnskóla með áherslu á Fellaskóla á næsta fundi ráðsins en eðlilegra hefði verið að hún lægi fyrir áður en þessi ákvörðun var tekin. Tryggja þarf að skólastarf Fellaskóla verði ekki sett í frekara uppnám og að komið verði í veg fyrir frekari sóun á fjármunum sveitarfélagsins með þeim tvístígandahætti sem hér er boðaður. Liggja þarf fyrir skilgreining á því hversu mörg börn þurfi að vera á biðlista til þess að Fellaskóla sé gert að víkja úr Hádegishöfða. Minnihlutinn telur eðlilegra að leysa mögulegan leikskólavanda frekar en að færa vandamálið annað.

#### 7. **202011035 - Ytra mat - Djúpavogsskóli 2020**

Fyrir liggur staðfesting sveitarfélagsins á lokum úttektar á ytra mati Djúpavogsskóla, ásamt staðfestingu Menntamálastofnunar á því að málinu sé lokið af hennar hálfu.

Lagt fram til kynningar.

#### 8. **202401019 - Samstarf milli skíðasvæðanna Stafdals og Oddskarðs**

Fyrir liggur erindi frá Snædísí Snorradóttur og Ashley Milne, dagsett 29. 12 2023, þar sem óskað er eftir samstarfi milli skíðasvæðanna Stafdals og Oddskarðs. Samstarfið snýr að aðgangi árskortshafa skíðasvæðanna að báðum skíðasvæðunum.



Fjölskylduráð fagnar samstarfi skíðasvæðanna og samþykkir fyrir sitt leyti útfærslu á sameiginlegum aðgangi.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**9. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra**

Skýrsla fræðslustjóra var lögð fram til kynningar.

**10. 202308168 - Gott að eldast, förum alla leið, samþætt þjónusta í heimahúsum**

Múlaþingi hefur borist tilboð um samning milli sveitarfélagsins og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um stöðugildi í eitt ár að upphæð 15 m.kr. vegna tengiráðgjafa sem hefur það markmið að auka virkni eldri borgara og jaðarhópa. Stöðugildið tengist verkefninu Gott að eldast, samþætt þjónusta í heimahúsum og á að nýtast að einhverju leyti inn í heima- og endurhæfingarteymi í sambandi við verkefnið.

Fjölskylduráð fagnar boðinu og felur félagsmálastjóra að ráða starfsmann eða verktaka í starfið.

Samþykkt samhljóða.

**11. 202401025 - Samskipti við BOFS vegna barnaverndarmáls**

Málið í vinnslu.

**12. 202312043 - Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2024**

Tekið er fyrir erindi Samtaka um kvennaathvarf þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir starfsárið 2024. Samþykkt er að veita Kvennaathvarfinu 200.000,- kr. í stuðning á yfirstandandi ári. Tekið af lið 9160.

Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30**

